



Sæstrengir Norðmanna

Eftir Björgvin Skúla Sigurðsson

Stefna Norðmanna í orkumálum er að auðlindir þeirra standi undir sem mestri verðmætasköpun fyrir landið. Þeir selja olíu á alþjóðamörkuðum og sækja nú í auknum mæli inn á evrópskan raforkumarkað með því að leggja sæstrengi frá landinu.

NorNed sæstrengurinn milli Noregs og Hollands er lengsti sæstrengur í heimi, 580 km. Hann var opnaður 2008 eftir rúmlega tveggja ára framkvæmdatíma. Fjórir sæstrengir liggja frá Noregi til Danmerkur og sá nýjasti þeirra var vígður í mars síðastliðnum. Danir hafa byggt upp mikið af vindorkugörðum og þegar lofn er í Danmörku (og takmörkuð orkuvinnsla) eru Noregsstrengirnir notaðir til að flytja vatnsorku á milli landanna.

Þrír sæstrengir á áætlun

Norðmenn hafa nú þrjá sæstrengi á áætlun. Stærsta verkefnið er NSN strengurinn til Bretlands sem nær yfir 700 km og verður því lengsti sæstrengur heims þegar hann verður tekinn í gagníð árið 2020. NordLink strengurinn til Þýskalands verður 570 km og er einnig áætlað að hann tengi löndin árið 2020. Þriðja verkefnið er NorthConnect sem er annar strengur til Bretlands. Norska ríkisorkufyrirtækið Statkraft gerir nú ráð fyrir að annað eins af strengjum verði lagt til viðbótar fyrir árið 2025.

Lagning sæstrengjanna er flókið mál vegna þess svæðis sem farið er



Björgvin Skúli Sigurðsson

um. Þannig þarf NSN strengurinn að fara yfir a.m.k. 14 gasleiðslur sem liggja frá borpöllum á Norðursjó. Strengirnir liggja auk þess um fjölfarnar skipaflutningsleiðir og fiskveiðisvæði.

Raforkuverð í Noregi

Norsk heimili eru mjög háð rafmagni því flest hús eru rafkynt. Í

» Norðmenn hafa nú þrjá sæstrengi á teikniborðinu.

Þurrum árum þegar vatn vantar í uppistöðulón getur raforkuverð sveiflast mikið. Það kann að hljóma sérkennilega en Norðmenn hafa ekki síst lagt sæstrengi til að halda aftur af rafmagnsverði, sérstaklega í kjölfar mikilla hækkana þurrkaárið 2003. Norsk stjórnvöld segja að rafmagnsverð sé lægra í landinu eftir að NorNed sæstrengurinn komst í gagníð árið 2008 en það hefði verið án strengsins.

Danskur sæstrengur

Nýlega tilkynntu Danir áform um að leggja sæstreng til Bretlands. Hugmyndin að baki því verkefni er að flytja vindorku frá Danmörku til Bretlands, en auk þess ætla Danir að nota tengingar sínar við Noreg og Svíþjóð til þess að flytja sveigjanlega vatnsorku þaðan inn á Bretlandsmarkað.

Höfundur er framkvæmdastjóri hjá Landsvirkjun.